



Reglugerð um verkefni tækniráðs JSÍ

Samkvæmt meðal annars 11 gr. laga JSÍ

Samkvæmt 10. gr. laga JSÍ tilnefnir stjórn 3 menn í tækniráð og skal lágmarksgráða þeirra vera 3. dan. Verkefni tækniráðs er meðal annars eftirfarandi.

- Að fylgjast með því að judo sé iðkað á Íslandi í samræmi við Kodokan Judo dr. Jigoro Kanos og samþykktir Alþjóða Judosambandsins (IJF) sem JSÍ starfar eftir. Sjá meðal annars gr. 1. 11 í gráðureglum JSÍ.
- Að hafa yfirstjórn og eftirlit með judo gráðunum og skrá í gagnagrunn JSÍ.
- Að útnefna gráðuprófðómara fyrir JSÍ. Gráðunarprófðómari þarf að hafa náð 21 árs aldri, hafa að lágmarki gráðuna 1. dan og hafa sótt og staðist námskeið fyrir gráðuprófðómara.
- Að endurskoða gráðureglur JSÍ og koma með tillögur að breytingum á þeim ef þurfa þykir.
- Að aðstoða einstaka félög með gráðanir og þjálfun ef óskað er.
- Að uppfæra móta- og leikreglur JSÍ til samræmis við alþjóðareglur og koma með tillögur að öðrum breytingum ef þurfa þykir.
- Að koma að framkvæmd judomóta JSÍ ásamt framkvæmdarstjóra JSÍ og eða mótshaldara að því er varðar tæknileg atriði.
- Að sjá um félagaskipti, staðfesta þau og skrá í gagnagrunn JSÍ.
- Tækniráð starfi í náinni samvinnu við stjórn JSÍ.

Reglugerð þessi var samþykkt af stjórn JSÍ 13. apríl 2021 með fyrirvara um samþykki breytinga gráðureglna á 50. ársþingi JSÍ 24. apríl 2021 og tekur þá gildi frá þeim degi.